

Sp. 127. Tillaga til þingsályktunar [108. mál]
um greiðslu rekstrar- og afurðalána til bænda.

Flm.: Eyjólfur K. Jónsson, Jóhann Hafstein.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um, að viðskiptabankar greiði rekstrar- og afurðalán landbúnaðarins beint til bænda.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á síðasta þingi, en varð þá ekki útrædd. Hún hlaut hins vegar góðar undirtektir innan þings og utan. Virtust þeir, sem um málið ræddu, yfirleitt sammála um að markmiðum þeim, sem tillagan miðar að, þyrfti að ná. Þannig voru niðurlagsorð Halldórs E. Sigurðssonar, landbúnaðarráðherra, í umræðunum um tillöguna:

„Og það þarf að auka rekstrarlánin til þess að menn hafi það fjármagn handa á milli, sem viðskiptabúskapur nútímans krefst. Að þessu eigum við að vinna og jafnframt því, að greiðslur fari beint til þeirra sjálfra í viðskiptareikninga eða til útborgunar, ef þeir eru ekki í viðskiptareikningum.“

Forustumenn stjórnarandstöðunnar lýstu stuðningi við tillöguna. Lúðvík Jósepson sagði m. a.:

„Ég held að það verði ekki um það deilt, að það lánaþyrirkomulag, sem nú er orðið varðandi rekstur landbúnaðarins, sé orðið gjörsamlega óhæft og því verði að breyta í grundvallaratriðum.“

Og Gylfi Þ. Gíslason sagði m. a.:

„Ég kveð mér hljóðs til þess að lýsa eindregnum stuðningi mínum við þessa till. Efni hennar er það, að Alþ. feli ríkisstj. að hlutast til um, að viðskiptabankar greiði rekstrar- og afurðalán landbúnaðarins beint til bænda, m. ö. o. er gert ráð fyrir að Alþ. lýsi yfir þeirri skoðun sinni að bændur eigi rétt á því að fá sjálfir beint og milliliðalaust umráð yfir þeim hluta lánsfjár landsmanna sem bankar veita sem afurðalán og rekstrarlán til stuðnings íslenskum landbúnaði.“

Margháttaður vandi steðjar nú að landbúnaðinum, ekki síst að því er fjármögnun varðar. Tillaga þessi er nú endurflutt í þeim tilgangi að stuðla að lausn þessa vanda.